

Eldri nýnemar haust 2021. – skrifað 12. ágúst 2021

Velkomin í MH.

Stundatöflurnar ykkar eru tilbúnar og eru sýnilegar í Innu. Inna er aðgengileg frá heimasíðu skólans <https://www.mh.is/>. Til að komast inn í Innu þurfið þið rafræn skilríki eða íslykil. Aðstandendur ykkar komast líka inn á Innu með sínum rafrænu skilríkjum eða íslykli (þangað til þið verðið 18 ára).

Námstjórar skólans verða til viðtals fyrir ykkur, ef þið þurfið að láta breyta einhverju í sambandi við stundatöflurnar ykkar eða hafið aðrar spurningar sem brenna á ykkur. Þið sækið ekki um töflubreytingar í gegnum Innu. Námstjórararnir verða við á skrifstofunni milli 10 og 14 föstudaginn 13. ágúst, mánudaginn 16. ágúst og þriðjudaginn 17. ágúst.

Nýnemakynning verður tvískipt miðvikudaginn 18. ágúst kl. 13:00 eða 14:30 og eigið þið að mæta kl. 14:30 á Miklagarð – hátíðarsal skólans. Kennsla byrjar kl. 9:00 fimmtudaginn 19. ágúst skv. stundaskrá (nema við byrjum kl. 9:00 ekki 8:10) og þá mætið þið í skólann í þá stofu sem stendur á töflunni ykkar. Ef þið eruð ekki með tíma í stundatöflunni á þessum tíma þá mætið þið ekki fyrr en ykkar tími byrjar.

Þið, eldri nýnemar, sem eruð að koma úr öðrum framhalskólum og hefja ná í MH hafið stöðuna **Innritaður** í Innu. Þið hafið það umfram nýnema sem eru að koma beint úr grunnskóla að þið eruð eldri og reyndari og komin af stað í ykkar framhaldsnámi. Við viljum kynna ykkur fyrir MH og hvernig námið er skipulagt hjá okkur og setjum alla eldri nýnema í áfanga sem heitir LÍFS1AB01. Þar verður farið í hvað skiptir máli fyrir ykkur í MH og ýmsar gagnlegar upplýsingar svo námið ykkar hér fari sem best af stað. Þessi tími er í stundatöflunni ykkar eftir hádegi á föstudögum og kennarinn er Bergþór Reynisson.

Nýnemar mæta í skólann miðvikudaginn 18. ágúst skv. eftirfarandi skipulagi:

- IB-nemendur mæta kl 13:00 í stofu 11
- Nemendur í lífsleiknihópum (LÍFS1AA03) 1,2,3 og 4 mæta kl. 13:00 á Miklagarð
- Nemendur á fjölnámsbraut mæta kl. 13:00 á Miklagarð
- **MÍT nýnemar** mæta kl. 13:00 á Miklagarð
- Nemendur í lífsleiknihópum (LÍFS1AA03) 5, 6,7 og 8 mæta kl. 14:30 á Miklagarð
- **Eldri nýnemar** sem eru að koma úr öðrum skólum, mæta kl. 14:30 á Miklagarð

Stokkatafla haustannar er hér fyrir neðan. Kenndir eru tvöfaldir tímar fyrir hádegi alla daga nema föstudaga, einfaldir tímar eftir hádegi alla daga nema föstudaga, hádegishlé er 45 mínútur og tímar fyrir hádegi á föstudögum fara eftir öðru tímaplani en aðrir morgnar. Hluti nemenda er með tíma eftir hádegi á föstudögum eins og IB nemendur, útskriftarefni og kór. Þetta ætti að vera skýrt í stundatöflunni ykkar í Innu.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:10 - 9:05					B
09:05 - 10:00	A	B	C	D	A
10:15 - 11:10	E	F	G	H	G
11:10 - 12:05					C
Hádegi					
12:50 - 13:45	D	A	E	B	Tímar utan stokka
13:55 - 14:50	H	C	D	F	Tímar utan stokka
15:00 - 15:55	F	G	H	E	Tímar utan stokka

Hádegi er 45 mín

Hver stokkur er 4*55 mínútur

Tímar eftir hádegi á föstudögum eru fyrir lífsleikni innritaðra / lífsleikni útskriftanema / IB / Kór

Tímasetningar á tímum á föstudögum eru 8:10 - 9:05, 9:15 - 10:10, 10:25-11:20 og 11:30 - 12:25

Í MH er grímuskylda ef ekki er hægt að halda 1 m fjarlægð. Munið að við erum öll almannavarnir – sjáumst hress í MH.

Kveðja Helga Jóhannsdóttir , konrektor